

Sp.

127. Tillaga til þingsályktunar

[113. mál]

um stefnumörkun í fjölskylduvernd.

Flm.: Haraldur Ólafsson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að undirbúa löggjöf um samræmda stefnu í málum er varða eflingu og vernd fjölskyldunnar með tilliti til mikilvægis hennar í þjóðfélaginu og gera henni kleift að sinna vel uppeldis- og umönnunarhlutverkum sínum.

Greinargerð.

Á undanförnum áratugum hafa átt sér stað gífurlegar þjóðfélagsbreytingar hér á landi. Hín hefðbundnu hlutverk innan fjölskyldunnar hafa breyst, og einkum hefur þó framleiðsluhlutverk fjölskyldunnar minnkað til mikilla muna. Aukin verkskipting hefur átt stærstan þátt í að raska þeirri efnahagsskipan, sem stuðlaði að samheldni fjölskyldunnar. Þrátt fyrir breytingarnar í þjóðfélaginu gegnir fjölskyldan enn miklu hlutverki. Innan hennar mótast börn og unglingar, — þar fer fram afdrifarikasti hluti uppeldis þeirra.

Að undanförmum hafa átt sér stað miklar umræður um stefnumörkun í fjölskyldumálum. Hefur þetta verið kallað „fjölskyldupólitik“, en væri ef til vill réttara að nefna það fjölskylduvernd. Við hvað er átt með hugtakinu „fjölskyldupólitik“? Það eru úrræði til þess að stuðla að því, að fjölskyldan verði áfram mikilvægasti kjarni þjóðfélagsins þrátt fyrir breytta þjóðfélagshætti og án þess að slakað sé á kröfum um jafnrétti karla og kvenna.

Við mótun stefnu í fjölskyldumálum skal miðað við að vernda fjölskylduna og efla hana svo hún geti sinnt mikilvægum hlutverkum sínum til gagns fyrir land og lýð.

Kanna þarf hvort einhver ákvæði laga og reglugerða beinlínis stuðli að því að sundra fjölskyldum eða gera þeim erfitt fyrir að halda saman. Þar verður að athuga tryggingamál, framfærsluskyldu, dagvistarmál, skólatíma, sífjalöggjöf. Þá verður að kanna atvinnumál og vinnutíma. Vinnumarkaðurinn er kröfuharður og vinnutími hentar ekki ætíð vel fjölskyldulífi, og til athugunar er hvort sveigjanlegur vinnutími getur að einhverju leyti auðveldað fjölskyldulíf. Skattamál og launamál hafa veruleg áhrif á fjölskylduna og þarf að athuga rækilega hvernig stefnumörkun í þeim málum hefur áhrif á fjölskyldugerð og möguleika fjölskyldna til að lifa góðu og heilbrigðu lífi. Húsnæðismál eru stór liður og áhrifamikill sem taka þarf til athugunar í þessu sambandi. Möguleikar til íþróttaiðkana og frístundastarfs snerta fjölskyldur mjög mikið og stefnumörkun í þeim málum af hálfu opinberra aðila getur haft veruleg áhrif á fjölskyldulíf.

Ýmsar stofnanir koma nú í stað fjölskyldunnar og annast uppeldi og umönnun ungra og aldinna. Enda þótt þær séu í eðli sínu hjálparstofnanir, sem eiga að taka við þegar önnur ráð þrýtur, þá er þróunin sú, að þær taka að sér æ meira af verkefnum fjölskyldunnar. Draga verður í efa að slíkt stofnanauppeldi og slík stofnanaforsjá fyrir heilt samfélag standist. Kanna þarf á hvern hátt verði best stuðlað að því að gera fjölskyldum kleift að taka verulega þátt í að leysa vanda aldraðra og þeirra, sem af ýmsum ástæðum eru hjálparþurfi.

Vinna verður að því að skapa börnum og unglingum góð uppeldisskilyrði og tryggja félagslegt öryggi barnafjölskyldna. Heimili og fjölskylda eru sá grunnur, sem framtíð hvers og eins er á reist. Það skiptir miklu að sá grunnur sé traustur.